

Ed.

## 5. Frumvarp til laga

[5. mál]

um ábyrgðarheimildir vegna lántöku Bjargráðasjóðs.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979.)

### 1. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfsskuldarábyrgð lán sem Bjargráðasjóður tekur allt að 850 millj. kr. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum sem ráðherra ákveður og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana, vaxta og annars kostnaðar.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

### Fylgiskjal.

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um ábyrgðarheimildir vegna lántöku Bjargráðasjóðs.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að ríkisstjórnin hafi falið Bjargráðasjóði að annast fyrirgreiðslu vegna tjóna af völdum hafíss og harðinda s. l. vor og vegna grasbrests og uppskerutjóns á liðnu sumri, enda sé það í samræmi við hlutverk sjóðsins. Hafi ríkisstjórnin í því sambandi heimilað sjóðnum að taka lán allt að 850 millj. króna. Til tryggingar þeim lánnum þyrfti sjálfsskuldarábyrgð ríkissjóðs, en lagaheimild skorti til að veita slíka ábyrgð. Beri því brýna nauðsyn til að setja lög um slíka heimild.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar, svohljóðandi:

### 1. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfsskuldarábyrgð lán sem Bjargráðasjóður tekur allt að 850 millj. kr. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum sem ráðherra ákveður og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana, vaxta og annars kostnaðar.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 9. nóvember 1979.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Sighvatur Björgvinsson.*